

# LANDPÓSTURINN

4.tbl. 8.árg. nóvember 1996 • Fréttabréf Félags landfræðinga  
Pósthólf 5391 • 125 Reykjavík • ábm.: Kristinn Einarsson

## Fyrirlestur 25. nóvember

Boðaður er fyrirlestur Hólmfríðar Bjarnadóttur á vegum Félags landfræðinga *mánudaginn 25. nóvember 1996 kl. 20:30-22:00 í stofu 102 í Lögbergi.*

Fundarefnið er **Umhverfisvæn ferðamennska, raunhæfur möguleiki ?** Hólmfríður hefur nýlokið mastersgráðu í skipulagsfræði við háskólann í Newcastle upon Tyne, og fjallaði lokaritgerð hennar um tengsl skipulags og ferðamála og hvernig skipulag getur stuðlað að umhverfisvænni ferðamennsku.

Fyrirlesturinn mun fjalla um stefnumörkun og þróun í ferðamálum á Íslandi með áherslu á tengsl ferðamannaþjónustu og umhverfisverndar. Fjallað verður sérstaklega um takmörkun á uppbyggingu ferðamanna- staða skv. lögmálum sjálfbærrar þróunar, með tilliti til burðarþols (þolmarka) náttúrulegs umhverfis, félagslegra þátta og tengsla við upplifun ferðamanna. Kynntar verða helstu niðurstöður rannsóknar á ferðamálum á Snæfellsnesi ásamt tillögum til úrbóta og rætt um hlutverk skipulags við þróun umhverfisvæns ferðamanna- iðnaðar. *GHG*

ÍSLAND



Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir  
Bröttubrekku 1  
200 Kópavogi

## 10 ára afmæli félagsins

Nú er nýliðið 10 ára afmæli Félags landfræðinga, en það var stofnað 5. nóvember 1986. Til hamingju!

Ákveðið var eftir nokkra umhugsun að fresta hátíða-höldunum lítið eitt, einkum vegna tíðra ráðstefna um þessar mundir. Stjórnin taldi viðeigandi að taka til umræðu bæði áhugavert og brýnt mál efni í tengslum við afmælið, nefnilega **Íslenskan atlas**, sem ekki er vansalaust að okkur skuli skorta. Stefnt er að því að kalla til fundar um þetta efni *síðdegis föstudaginn 10. janúar nk.*, hugsanlega með erlendum gesti sem reynslu hefði af vinnu við atlas sinnar þjóðar. Nánar verður tilkynnt um þetta síðar. *GHG,KE* p.s. Afmælistertan er geymd en ekki gleymd!

## Leiðréttingar á félagatali

Frekari upplýsingar um mögulegar villur, ný heimilisföng o.s.frv. eru sem fyrr mjög vel þegnar, en hér er ein leiðrétting á heimilisfangi:

Emil Bóasson, 57 Poplar Court #4, SNYDER NY 14226, USA

## Frá ritstjórn Landabréfsins

Kæru landfræðingar! — Nú líður að útgáfu Landabréfsins - tímarits landfræðinga. Við í ritnefndinni vildum gjarna halda við og leiðrétta listann sem birtist

Í síðasta tölublaði um *hvar landfræðingar vinna*. Landfræðingar hafa sýnt listanum mikinn áhuga og nokkrar athugasemdir hafa borist ritstjórn. Við viljum auðvitað hafa listann sem nákvæmastan og óskum þess vegna eftir liðveislu ykkar.

Vinsamlega komið athugasemdum á framfæri við undirritaðan eða Guðrúnu Ólafsdóttur.

Jafnframt viljum við láta þess hér getið, að ef þið eigið í fórum ykkar áhugaverðar greinar eftir ykkur og langar að koma þeim á framfæri, þá hafið þið enn tækifæri til að koma þeim á prent í Landabréfinu.

f.h. ritstjórnar, *Níels Bjarki Finsen, Sjósmælingum Íslands, Seljavegi 32, 101 Reykjavík, sími 511 2222, bréfasími 511 2244.*

## Fréttamolar

Samkeppni Skipulags ríkisins og Umhverfissráðuneytisins um Ísland árið 2018 er lokið. Ellefu ólíkar tillögur bárust og voru fimm verðlaunaðar en allar voru tillögurnar til sýnis á Skipulagsþingi 1. nóvember sl., og í Þjóðarbókhöðu bæði fyrir og eftir þingið. Því miður tók enginn landfræðingur þátt í samkeppninni.

Fyrirlestur Emils Bóassonar var mjög skemmtilegur, en því miður mættu aðeins 9 manns á fundinn, sem er með því lakara hjá félaginu. Við erum örugg á því, að ekki var við val á fyrirlesara að sakast, en kannski hefðum við átt að fá Emil til að tala undir merki Landfræðilegra Upplýsingakerfa, fremur en að auglýsa efnid undir svo heimspekilegu flaggi sem gert var.

## Kolefnisbúskapur Íslands

Líffræðifélag Íslands stendur fyrir ráðstefnu um kolefnisbúskap Íslands dagana 22.-23. nóvember næstkomandi. Ráðstefnan verður haldinn í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6, og stendur frá kl. 17 til 20 föstudaginn 22. nóv. og frá kl. 9 til 16 laugardaginn 23. nóvember. Fjallað verður um kolefnisbúskap Íslands frá mjög víðtæku sjónarhorni. Margir af okkar helstu fræðimönnum á sviði jarðfræði, líffræði og fleiri sviðum halda erindi á ráðstefnunni. Gerð verður grein fyrir kolefnisflæði fyrir tilstuðlan bæði lífrænna og ólífrænna ferla. Fjallað verður m.a. um kolefnisbúskapinn í hafinu umhverfis landið, í jarðvegi, í gróðri og áhrif eldvirkni og jarðhita. Þá verður fjallað um alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga og áhrif mannsins á þessa hringrás. Nánari upplýsingar fást hjá Gerði Stefánsdóttur, Tilraunastöð Háskólans að Keldum, sími 567 4700, bréfasími 567 3979, en netfang hennar er [gerdurs@rhi.hi.is](mailto:gerdurs@rhi.hi.is). *KE,GHG*